



Nefndarsvið Alþingis
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
skrifstofu Alþingis,
150 Reykjavík

Umsögn Mosfellsbæjar varðandi tillögu til þingsályktunar: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni

Mosfellsbær 04. maí 2020

Óskað hefur verið eftir umsögn Mosfellsbæjar vegna tillögu um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Í tillögunni felst að frá og með árinu 2021 verði forvarnir samþættar kennslu og skólastarfi á öllum skólastigum, auk þess að eiga sér jafnframt stað og samþættingu inn í félagsmiðstöðvar, frístundaheimili, íþrótt- og æskulýðsstarfi sem og annað tómskundastarf sveitarfélaganna.

Framtíðarsýn og markmið tillögunnar, ásamt aðgerðaráætlun árána 2021-2025 bera glögg með sér að hún er metnaðarfull, nái hún fram að ganga. Fram kemur að taka skuli mið af markmiðum hennar við gerð fjárlaga- og fjárhagsáætlana sveitarfélaganna fyrir árin 2021-2025, sbr. lög um opinber fjármál 123/2015.

Tillögurnar eru í sex liðum:

- A. Almennar aðgerðir
- B. Forvarnir í leikskólum
- C. Forvarnir í grunnskólum í samvinnu við heilsugæslu, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar
- D. Forvarnir í framhaldsskólum
- E. Forvarnir í íþrótt- og æskulýðsstarfi og öðru tómskundastarfi
- F. Eftirfylgni og mat á árangri

Í tillögunni er tíunduð framtíðarsýn og meginmarkmið til þess að sporna gegn þeim samfélagslega vanda sem kynferðislegt og kynbyndið ofbeldi og áreitni felur í sér, með það að markmiði að fyrirbyggja og uppræta slíkt ofbeldi á öllum skólastigum.

Það sem helst snýr að sveitarfélögunum er ráðning forvarnarfulltrúa til Samband íslenskra sveitarfélaga sem yrði tengiliður sveitarfélaga við eftirfylgni aðgerðaráætlunar tillögunnar. Þar er gert ráð fyrir að forvarnarfulltrúinn og skólafulltrúar sveitarfélaga eiga náið samstarf um útfærslu fræðslu og forvarna í því markmiði að uppræta ofbeldi og áreitni.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur skilað inn umsögn um tillöguna. Í umsögn Sambandsins er lögð áhersla á að kostnaðaráhrif aðgerða verði rýnd með raunhæfum hætti áður en tillaga til þingsályktunar verður lögð fram á Alþingi og að fjármögnun verði tryggð til samræmis við það mat. Í umsögninni er jafnframt bent á að ekki sé gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum til fræðslu- og frístundaskrifstofa vegna aukinna verkefna sem felast í tillögunni. Sambandið fer þess á leit að sá liður, auk þeirra liða sem snúa að fræðslu starfsfólks leik- og grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva verði endurskoðaðir. Þar sem ekki sé hægt að ætlast til þess að þessir liðir séu unnir „innan ramma“ hjá



MOSFELLSBÆR
HEIMIS LÁGABEIN FRAMLEKAN UMÞÓTTA

fræðsluskrifstofum, skólum og öðrum stofnunum sveitarfélaga, jafnvel þótt þessir aðilar njóti stuðnings forvarnafulltrúa í fræðslustarfinu.

Mosfellsbær telur tillöguna metnaðarfulla og styður hana, en bendir á að skoða þurfi nánar fjárhagsleg áhrif hennar. Mosfellsbær tekur jafnframt undir umsögn Samband íslenskra sveitarfélaga um tillöguna.

Virðingarfyllst,

f.h. Mosfellsbæjar

Hanna Guðlaugsdóttir,
Mannauðsstjóri